

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/37/05

frá 27. júlí 2012

um breytingu á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að Lettland sé opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum (*)

(tilkynnt með númeri C(2012) 5185)

(2012/449/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín ⁽¹⁾, einkum E-lið í I. hluta viðauka D,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 64/432/EBE gildir um viðskipti innan Sambandsins með nautgripi og svín. Þar er mælt fyrir um skilyrðin fyrir því að lýsa megí aðildarríki eða svæði í aðildarríki opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum að því er varðar nautgripahjarðir.
- 2) Í III. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB frá 23. júní 2003 um að staðfesta að tiltekin aðildarríki eða héruð aðildarríkja séu opinberlega laus við berkla, öldusótt og smitandi hvítblæði í nautgripahjörðum ⁽²⁾ er skrá yfir aðildarríkin og svæði þeirra sem eru opinberlega lýst laus við smitandi hvítblæði í nautgripum.
- 3) Lettland hefur lagt gögn fyrir framkvæmdastjórnina þar sem sýnt er fram á að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 64/432/EBE, fyrir því að vera lýst opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum, eru uppfyllt að því er varðar allt yfirráðasvæðið.

4) Í kjölfar mats á gögnunum, sem Lettland lagði fram, skal lýsa það aðildarríki sem opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum.

5) Því ber að breyta ákvörðun 2003/467/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. júlí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 203, 31.7.2012, bls. 66. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 121, 29.7.1964, bls. 1977/64.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 74.

VIÐAUKI

Í stað 1. kafla III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB komi eftirfarandi:

„1. KAFLI

Aðildarríki sem eru opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum

ISO-kóði	Aðildarríki
BE	Belgía
CZ	Tékkland
DK	Danmörk
DE	Þýskaland
IE	Írland
ES	Spánn
FR	Frakkland
CY	Kýpur
LV	Lettland
LT	Litháen
LU	Lúxemborg
NL	Holland
AT	Austurríki
SI	Slóvenía
SK	Slóvakía
FI	Finnland
SE	Svíþjóð
UK	Bretland ^{4c}